	Hafnarfjarðarbær
Innk:	31/5 2016
Málsnr:	1605362
Bréfal:	032.1



Hafnarfjarðarkaupstaður
Haraldur Lindal Haraldsson, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is


Reykjavík 26. maí 2016
Tilv.: IRR16030232/21.20

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarkaupstaðar, dag. 20. maí sl., þar sem greint er frá afgreiðslu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 22. apríl sl., vegna jöfnunar kostnaðar af langtímaleigusamningum sem ríkið gerði við Brynju hússjóð ÖBÍ og fleiri aðila áður en málefni fatlaðs fólks voru flutt frá ríki til sveitarfélaga. Í erindi sveitarfélagsins er rakið að ráðgjafarnefnd hafi samþykkt að gera tillögu til innanríkisráðherra um úthlutun framlags til þeirra sveitarfélaga/þjónustusvæða þar sem um langtímaleigusamninga er að ræða og að mismunur eðlilegs leiguverðs og raunverulegs leiguverðs sé grunnur að útreikningi framlagsins. Í erindi Jöfnunarsjóðs 3. maí sl. kemur jafnframt fram að útreiknað framlag til Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt samþykkt nefndarinnar frá 22. apríl sl. sé 14,9 m.kr vegna ársins 2016. Þá kemur fram að forsendur fyrir greiðslu framlagsins sé að sveitarfélögin hafi innt af hendi greiðslur til leigusala og að beðið verði með greiðslu framlagsins þar til greiðsla leigunnar hafi að fulli verið innt af hendi.

Í framangreindu erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar kemur fram að endurgjald sveitarfélagsins vegna húseigna Brynju sé langt umfram leiguverð á almennum markaði og þar muni tveimur milljónum króna á mánuði að mati sveitarfélagsins. Ofgreiðsla sveitarfélagsins á húsaleigu vegna umræddra fasteigna sé því 24 m.kr. á ári. Af þeirri ástæðu geti Hafnarfjarðarkaupstaður ekki fallist á að greiðsla framlags úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 14,9 m.kr. sé nægjanleg til að jafna þá stöðu sem uppi er vegna langtímaleigusamninganna við Brynju hússjóð ÖBÍ. Sveitarfélagið sé þó tilbúið til tilslakana á þessum greiðslum til þess að ná niðurstöðu í þessu viðkvæma máli og gæti fallist á 20 m.kr. jöfnunarframlag á ári.

Ráðgjafarnefndin tók erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi 24. maí sl. og samþykkti að gera tillögu til innanríkisráðherra um hækkun framlaga til sveitarfélaga þar sem um langtímaleigusamninga er að ræða. Samkvæmt tillögunni hækkar framlag til Hafnarfjarðarkaupstaðar úr 14,9 m.kr. í 20 m.kr. Skilyrði fyrir greiðslu framlagsins er að greiðsla leigunnar hafi að fullu verið innt af hendi. Ekki verður um að ræða greiðslu úr Jöfnunarsjóði vegna dráttarvaxta og lögfræðikostnaðar.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Elín Pálsdóttir